

251. fundur - 22. júní 2006

Ár 2006 þann 22. júní kom hreppsnefnd saman til fundar kl. 15:10. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Karl Kristjánsson setti fund og bauð menn velkomna. Fyrir lá boðuð dagskrá. Samþykkt að bæta þremur málum við undir liðnum “önnur mál.”

Var nú gengið til dagskrár.

Mál til afgreiðslu

- 1) Oddvitakjör. Karl stakk upp á að Gústafi Jökli Ólafssyni sem oddvita. Samþykkt samhljóða. Gústaf tók nú við stjórn fundarins. Gústaf þakkaði traustið. Var nú gengið til kosninga um varaoddvita. Karl stakk upp á Agli Sigurgeirssyni. Samþykkt samhljóða.
- 2) Var nú kosið í ráð og nefndir skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar Reykhólahrepps. Eftirtaldir voru kjörnir samhljóða:

Félagsmála- og jafnréttisnefnd

Aðalmenn: Rebekka Eiríksdóttir-Áslaug Berta Guttormsdóttir-Þráinn Hjálmarsson.

Varamenn: Indiana Ólafsdóttir-Eygló Kristjánsdóttir-Eggert Ólafsson

Skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd

Aðalmenn: Egill Sigurgeirsson-Sveinn Ragnarsson-Karl Kristjánsson

Varamenn: Eiríkur Kristjánsson-Þórður Jónsson-Herdís Erna Matthíasdóttir

Mennta- og menningarmálanefnd

Aðalmenn: Gústaf Jökull Ólafsson-Eygló Kristjánsdóttir-Ingvar Samúelsson

Varamenn: Karl Kristjánsson-Guðrún Guðmundsdóttir-Kristján Þór Ebenezersson

Brunamála- og almannavarnanefnd

Aðalmenn: Egill Sigurgeirsson-Bjarki Stefán Jónsson-Örn Snævar Sveinsson

Varamenn: Erla Reynisdóttir-Björn Samúelsson-Hafliði Ólafsson

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd

Aðalmenn: Sigurbjörg Daníelsdóttir-Karl Kristjánsson-Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Varamenn: Bjarki Stefán Jónsson-Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir-Bjarki Þór Magnússon

Stjórn Barmahlíðar

Aðalmenn: Gústaf Jökull Ólafsson-Egill Sigurgeirsson-Sigurbjörg Daníelsdóttir

Varamenn: Rebekka Eiríksdóttir-Karl Kristjánsson-Sveinn Ragnarsson

Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn: Sóley Vilhjálmsdóttir-Þórarinn Sveinsson

Varamenn: Halldór Ó. Sigurðsson-Björk Bárðardóttir

Kjörstjórn

Aðalmenn: Halldór D. Gunnarsson-Arnór Grímsson-Steinunn Ólafía Rasmus

Varamenn: Jenný Leifsdóttir-Jóhannes Gíslason-Guðjón D. Gunnarsson

Fjallskilanefnd

Kristján Þór Ezenzerisson-Tómas Sigurgeirsson-Einar Hafliðason-Þráinn Hjálmarsson-Hafliði Ólafsson

- 3) Ráðning sveitarstjóra. Karl lagði til að staðan yrði auglýst. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði Gústafs Jökuls. Gústaf Jökull óskaði bókað að hann hefði viljað láta reyna á að ganga til samninga við núverandi sveitarstjóra. Karl lagði til að oddvita og varaoddvita yrði falið að auglýsa starf sveitarstjóra og semja við fráfarandi sveitarstjóra um starfslok hans. Samþykkt.
- 4) Beiðni um styrk vegna siglinga út í Skáley og Flateyjar, erindi frá Stakkgarði ehf. Vísað til nýrrar hreppsnefndar af eldri hreppsnefnd. Samþykkt að hafna beiðninni.
- 5) Unglingalandsmót UMFÍ 2008, erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur. Vísað til nýrrar hreppsnefndar af eldri hreppsnefnd. Gústaf lagði til að Rebekku Eiríksdóttur yrði falið að ræða málið við Ungmennafélagið og UDN. Samþykkt samhljóða.
- 6) Flateyjarbókasafn, erindi frá Landsbókaverði. Erindinu vísað til nýrrar hreppsnefndar af eldri hreppsnefnd. Samþykkt að vísa þessu til mennta- og menningarmálanefndar.
- 7) Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2005. Síðari umræða. Rekstrarniðurstaða fyrir samantekinn ársreikning A- og B-hluta sveitarfélagsins varð jákvæð um 1,8 milljónir króna, en það er 2,3 milljónum króna betri útkoma en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Skatttekjur á hvern íbúa hækkuðu nokkuð á milli ára eða úr 388 þús. kr. á árinu 2004 í 411 þús. kr. á árinu 2005. Hreint veltufé lækkaði lítillega á milli ára. Veltufjárhlutfall hækkar lítillega á milli ára. Eiginfjárhlutfall er svo til óbreytt á milli ára eða 0,73 í árslok 2005. Reikningar samþykktir samhljóða með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.
- 8) Breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkur- og Reykhólahreppum. Tilkynning um matsskyldu. Erindi frá Skipulagsstofnun. Óskað er umsagnar Reykhólahrepps um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Að mati hreppsnefndar uppfyllir tilkynningin þær kröfur sem 11.gr. reglugerðar nr. 1123/2005 gerir. Breytingin er til bóta og telur hreppsnefnd ekki þörf á sérstöku mati á umhverfisáhrifum í þessu sambandi.
- 9) Kjör fulltrúa Reykhólahrepps á 20. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri 27-29. september 2006. Reykhólahreppur á rétt á einum fulltrúa. Samþykkt að Gústaf Jökull Ólafsson verði fulltrúi Reykhólahrepps. Varamaður Sigurbjörg Daníelsdóttir.

Mál til kynningar

- 1) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 2. júní 2006

- 2) Sauðfjárveikivarnagirðingar. Bréfaskipti Sverris Sverrissonar hjá Landbúnaðarstofnun og Reykhólahrepps
- 3) Kynning á mikilvægi búnaðarfélaga sem ráðgjafaraðila sveitarstjórna í dreifðum byggðum, erindi frá Bændasamtökum Íslands
- 4) Styrkveiting (kr. 30.000,-) vegna Sigfúsarhátíðar á Reykhólum 20. apríl 2006, erindi frá menningarsjóði félagsheimila.

Önnur mál

- 1) Forval á evrópska efnahagssvæðinu vegna framkvæmda við áframhaldandi uppbyggingu á GSM-farsímakerfinu á hringveginum og fimm fjallvegum. Samkvæmt þessu er Vestfjarðavegur nr. 60 látinn bíða. Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið send athugasemd og er beðið svara hans.
- 2) Fundur um málefni fatlaðra í Reykhólahreppi, sem haldinn verður á Reykhólum 29. júní nk. að frumkvæði Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Ákveðið að hittast á Reykhólum kl. 13:00
- 3) Lögð fram tilkynning frá Ásu Björgu Stefánsdóttur og Þórði Jónssyni í Árbæ þess efnis að þau hafi keypt ábýlisjörð sína af ríkinu.

Ákveðið að næsti hreppsnefndarfundur verði haldinn 27. júlí.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)